

Ísafjarðarbær
Bryndís Ósk Jónsdóttir
bryndis@isafjordur.is

Reykjavík, 19. mars 2021
UST202101-060/P.B.S.
09.04.03

Svör við athugasemdum Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðra breytinga á tveimur sérreglum í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland á Hornströndum.

Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendingar og athugasemdir sem bárust frá Ísafjarðarbæ vegna fyrirhugaðra breytinga á tveimur sérreglum í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland á Hornströndum. Ekki voru gerðar athugasemdir við tillögur að breytingum á sérreglu 10, fyrir utan athugasemd um reglugerðarnúmer og hvernig vísað er í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar og var þessum tveimur atriðum breytt í samræmi við athugasemdirnar. Varðandi sérreglu nr. 2 sem fjallar um kvikmyndatöku og ljósmyndun í friðlandinu voru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Athugasemdir voru gerðar um orðalag í sérreglu 2 þar sem hún var talin of víðtæk og á sama tíma óljós.
Umhverfisstofnun hefur breytt orðalagi í sérreglu nr. 2 og bætt við ákvæði um að öll kvikmyndataka og ljósmyndun sem krefst aðstöðu, viðveru við greni, mannafla eða tækjabúnaðar sé háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur að með þessum breytingum sé greinin skýrari og að leyfisskylda vegna kvikmyndatöku og ljósmyndunar sé ekki fortakslaus. Þannig sé því ljóst að hinn almenni ferðamaður sem ferðast um svæðið þurfi ekki að sækja um leyfi til myndatöku heldur sé aðeins átt við verkefni sem falla undir þau skilyrði sem fram koma í breytingartillögunni.
2. Þá segir að stofnuninni sé „heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt“, án þess að fram komi hver þessi skilyrði séu. Eðlilegt er að skilyrði fyrir veitingu leyfa séu skýr og ljós þeim sem sækja um leyfi, og komi fram í reglunni.
Umhverfisstofnun bendir á að þau skilyrði sem sett eru eru háð mörgum breytum og fara eftir eðli og markmiði verkefna, árstíma o.s.frv. Í greinina hefur verið bætt inn dæmum um atriði sem skilyrðin geta náð til.
3. Þá var gerð athugasemd við að þar sem verið sé að takmarka kvikmyndatökur við greni í Hornvík til verndar dýralífi þá ætti að skýra í reglunni að um greni sé að ræða, þ.e. að í reglunni komi fram: „sótt skal um leyfi til ljósmynda/kvikmyndatöku **á grenjum** innan friðlandsins.
Umhverfisstofnun bendir á að þegar um ljósmynda/kvikmyndatökur er að ræða innan friðlandsins sem geta haft áhrif á dýralíf þá á það líka við um grenin. Þó að athygli verkefna beinist ekki beint að grenum geta þau verið þess eðlis að þau hafi truflandi áhrif á refi á greni. Þar af leiðandi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að reglan eigi um öll þau ljósmynda/kvikmyndaverkefni sem falla undir það að geta haft áhrif á dýralíf eða truflun gesta.

4. Þá var lagt til að sérstök regla væri um dróna og því réttara að ákvæði um umsókn um leyfi fyrir drónaflugi kæmi fram í þeirri reglu.
Umhverfisstofnun breytti orðalagi í tillögunni í samræmi við athugasemdir Ísafjarðarbæjar og felldi út orðið „drónaflugs“. Samkvæmt reglu 11 í stjórnunar- og verndaráætluninni er drónaflug óheimilt nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Sé ætlunin að taka ljós- eða kvikmyndir með dróna falla þau verkefni undir sérreglu 2.
5. Þá voru einnig gerðar athugasemdir um að bæta ætti við á hverju val á umsóknum byggist á. *Umhverfisstofnun hefur bætt þessu við regluna.*

Sérregla nr. 2:

Þess skal gætt að kvikmyndataka og ljósmyndun trufla hvorki dýralíf né gesti friðlandsins. Öll kvikmyndataka og ljósmyndun sem krefst aðstöðu, viðveru við greni, mannafla eða tækjabúnaðar er ávallt háð leyfi Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt, til að mynda varðandi umgengni, fjarlægðarmörk, tímasetningar myndatöku, rekstur rafstöðva og fleira. Sótt skal um leyfi til ljósmyndunar og kvikmyndatöku innan friðlandsins fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst ár hvert, ekki seinna en 30. mars. Vegna lífríkisverndar er fjöldi leyfa til myndatöku við greni í Hornvík takmarkaður við tvö leyfi á tímabilinu 1. maí -31. ágúst. Byggja skal val á umsóknum á hæfni og reynslu umsækjanda.

Sérregla nr. 10:

Óheimilt er að lenda flugvélum innan friðlandsins utan landingarstaða sem skilgreindir eru samkvæmt gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Undanskilið banninu eru ferðir landeiganda sem lenda á sínu landi eða eða aðila á þeirra vegum sem sinna eftirliti og viðhaldi eigna eða flutningi á vistum og birgðum vegna nýtingar og viðhalds eigna. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands, lögreglulaga nr. 96/1996 og reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita nr. 289/2003.